

**Ed. 179. Frumvarp til laga [170. mál]**

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Eiður Guðnason.

1. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 29 500 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun

og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sé um hjón að ræða, sem skattlögd eru skv. ákvæðum 63. gr., skal óráðstafaður hluti persónuafsláttar annars makans á sama hátt dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu.

Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila. Ekki skal þó greiða persónuafslátt þeim sem eru innan 20 ára aldurs á tekjuárinu, né þeim sem hafa meiri samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. en nemur 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til álagningar tekjuskatts árið 1985.

### Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa oft áður flutt á Alþingi tillögur sem ganga í sömu átt og þetta frumvarp, t. d. sem breytingartillögur við efnahagsráðstafanir fyrrverandi og núverandi ríkisstjórnar.

Samhljóða frv. var flutt í Nd. á 105. löggjafarþingi. Þá sagði m. a. í greinargerð:

„Höfuðtilgangur þessa frv. er sá að bæta hag hinna lægst launuðu og bótapega almannatrygginga með því að greiða þeim úr ríkissjóði þann hluta persónuafsláttar við álagningu tekjuskatts sem ekki nýtist til lækkunar álagðra gjalda, á sama hátt og nú er um barnabætur.

**Hér er um neikvæðan tekjuskatt að ræða til hagsbóta fyrir hina verst settu og lið í þeirri afkomutryggingu, sem Alþýðuflokkurinn beitir sér fyrir, og um leið þátt í tillögugerð flokksins um mótun nýrrar efnahagsstefnu.**

Á tímum sem þessum, þegar hver kjaraskerðingin rekur aðra, er nauðsynlegt að verja þá verst settu fyrir frekari kjaraskerðingum og er frv. liður í þeirri viðleitni.

Fleira kemur til. Þrátt fyrir góðan vilja heildarsamtaka launafólks heldur launabilið í þjóðfélaginu áfram að breikka. Hinir tekjuhærri hafa yfirleitt mun betri aðstöðu en láglaunafólk til að knýja fram hækkanir í ýmsum myndum umfram þær almennu hækkanir sem um semst í heildarkjarasamningum.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frv. að löggjafinn verði að beita sér meira en hingað til hefur verið gert til að rétta hlut þeirra sem bera hann skarðastan frá borði við gerð kjarasamninga og við ákvörðun tryggingabóta. Frv. er þáttur í þeirri viðleitni.

Því er svo enn við að bæta að lagfæringar á skattalögum, skattþegnum í vil, koma yfirleitt ekki þeim verst settu að gagni, nema sá hluti persónuafsláttar, sem ekki nýtist til lækkunar gjalda viðkomandi, verði greiddur út.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa áður flutt sömu tillögu og í frv. felst, síðast í febrúar 1981, og þá sem lið í breytingartillögum við afgreiðslu frumvarps til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Sú lækkun tekna ríkissjóðs, sem af samþykkt frv. leiddi, er langt innan þeirra marka sem ríkisstjórnin hugsar sér að verja til láglaunabóta, og vandséð er að unnt sé að verja þeim bótum betur en frv. gerir ráð fyrir, ef ætlunin er að þeir verst settu njóti þeirra fyrst og fremst.

Frv. gerir ráð fyrir að útborgun ónýtt persónuafsláttar sé takmörkuð við fólk sem er 20 ára og eldra og stundar ekki atvinnurekstur. Takmörkunin tekur mið af því að á yngri árum

búa margir í foreldrahúsum og réttara væri að mæta þörfum hinna á annan hátt, t. d. með auknum námslánum. Ekki er ástæða til að útgreiðsla ónýtt persónuafsláttar nái til atvinnurekenda.“

Nú er mikið talað um skattalækkunir í tengslum við gerð kjarasamninga og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1985 er í framhaldi af samþykkt síðasta löggjafarþings gert ráð fyrir nokkurri lækkun tekjuskatts.

Allt er þetta góðra gjalda vert, en það er grundvallaratriði að mati flutningsmanna þessa frumvarps að tekjuskattlækkunir komi einnig þeim tekjulægstu á vinnumarkaði og elli- og örorkulífeyrisþegum til góða. Því er frv. flutt.

Þær upphæðir í krónum, sem í frv. felast, eru miðaðar við skattárið 1984 og gert er ráð fyrir að þær breytist með skattvísitölu eins og aðrar sambærilegar upphæðir í lögum um tekju- og eignarskatt.